

svo innilega um það. Í öðru lagi af því, að ég gat ekki vitað til þess, að þú, sem varst alinn upp sem erfingi að Brooklands, skyldir þurfa að missa af því. En helst gerði ég það vegna þess, að þú þyrstir aldrei að vita, hvað laðir þinn hafði gert".

"Þínar eigin tilfinningar hafa þá ekkert haft með þetta að gera, ímynda ég mér".

Hún eldroðnaði. "Nei," sagði hún, "ef um ekkert annað hefði verið að ræða, þá væri alt öðruvísi en það er nú".

"Ég trúi þessu. Ég hef aldrei getað skilið þetta, Adalheiður. Ég vissi, að þú varst göfug og kvenleg, og það var svo ótrúlegt, að þú ættir mann móti vilja hans. Ég hafði svo berlega gefið í skyn, að mér felli ekki ráðahagurinn".

"En nú veistu það", hvíslaði hún. "Það var til þess, að þú fengir að halda Brooklands og yrðir ekki áskynja um afbrot föður þíns. Er, Allan, ef ég hefði vitað einn hlut, hefði ég aldrei þorað að giftast þér".

"Hvað var það?" spurði hann.

"Ef ég hefði vitað eða ímyndað mér að það væri til önnur kona, er þér þætti vænt um —"

"Hvernig fékstu að vita það?"

"Þannig", sagði hún heimnislega, — "þannig, að ég fann myndina af hinni fögru konu, sem þú elskaðir, og á henni stóð skrifað: 'Elskuð, en töpuð 14. júní'. Alt að þeim tíma hafði ég von um, að vinna ást þína, ef ég væri nógu góð og þolinmód, en þegar ég hafði fundið myndina, misti ég alla von".

Hann greip um hönd hennar. "Nei, aldrei", sagði hann, "aldrei hef ég elskað hana eins og ég elska þig nú. Þú hefur unnið hjarta mitt, — þú hefur unnið, svo mikið, Adalheiður, að ég hef ekki meira að gefa burtu. Þú hefur unnið þær dýpstu, inetu tilfinningar hjarta míns og virðingu mína".